

Fyrirspurn

til umhverfis- og auðlindaráðherra um flutninga á sorpi
í grennd við vatnsverndarsvæði.

Frá Ólafi Ísleifssyni.

1. Hvert var magn sorps sem flutt var á árabílinu 2013–2017 milli landshluta þar sem leið liggur yfir og í grennd við vatnsverndarsvæði? Hvaða akstursleiðir ræðir um í þessu sambandi? Hve mikið var flutt af umhverfismengandi efnum?
2. Hvað má gera ráð fyrir að eknir séu margir kílómetrar á ári með sorpið? Hver er meðalþungi flutningabíla með sorp og hver er mesti þungi þeirra? Hve mikil mengun fylgir því að flytja umrætt sorp landshluta á milli?
3. Hvernig er háttáð leyfisveitingum og eftirliti með slíkum flutningum?
4. Liggur fyrir áhættumat sem endurskoðað er með reglubundnum hætti og viðbragðsáætlanir gagnvart hættu á mengun vatnsbóla vegna flutninga á sorpi á nágrenni þeirra?
5. Til hvaða aðgerða hefur ráðherra gripið til að draga úr sorpflutningum milli landshluta? Hvaða aðgerðir eru áformaðar?
6. Hver er afstaða ráðherra gagnvart eyðingu, urðun og hagnýtingu á sorpi sem næst staðnum þar sem það fellur til? Hvaða áform hefur ráðherra um að breyta sorpinu í auðlind?

Skriflegt svar óskast.